

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 27

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

11. árgangur

27.5.2004

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2004/EES/27/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3423 – RWA/AMI/Inter-Fert (JV))	1
2004/EES/27/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3460 – Charterhouse/Autobar)	2
2004/EES/27/03	Beiðni um athugun á fyrirhugaðri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3099 – AREVA/URENCO/ETC JV)	3
2004/EES/27/04	Skrá um skjöl sem birst hafa á vegum framkvæmdastjórnarinnar	4
3.	Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3423 – RWA/AMI/Inter-Fert (JV))**

2004/EES/27/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. maí 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurrísku fyrirtækin RWA Raiffeisen Ware Austria Aktiengesellschaft (RWA) og AMI Agrolinz Melamine International GmbH (AMI) öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfir hinu austurríska Inter-Fert Düngemittel GmbH (Inter-Fert) með rekstrarsamningi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RWA: verslunarfyrirtæki sem kaupir og selur landbúnaðarvörur, nauðsynjavörur og neysluvörur
 - AMI: vinnur úr jarðgasi hráefni til landbúnaðar og iðnaðarnota, einkum áburð
 - Inter-Fert: verslar með ólífrænan áburð á heildsölustigi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 143, 27. maí 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3423 – RWA/AMI/Inter-Fert (JV), má senda með simbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3460 – Charterhouse/Autobar)**

2004/EES/27/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. maí 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Charterhouse Capital Partners VII, sem hið breska Charterhouse Capital Limited (Charterhouse) hefur yfirtáð yfir, öðlast að fullu yfirtáð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir breska fyrirtækinu Autobar Group Limited og hinu hollenska Autobar Group BV (einu nafni Autobar) með hlutafjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Charterhouse: þjónusta á sviði eiginfjár og sjóðastýringar
 - Autobar: rekstur sjálfisala og matvælaþjónusta, matvæladreifing, framleiðsla á umbúðum og einnotavörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽²⁾.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 143, 27. maí 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3460 – Charterhouse/Autobar, má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32; reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 er fallin úr gildi en í hennar stað kemur reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

**Beiðni um athugun á fyrirhugaðri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3099 – AREVA/URENCO/ETC JV)**

2004/EES/27/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. og 26. apríl 2004 sameiginleg beiðni frá frönskum, sænskum og þýskum stjórnvöldum samkvæmt 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾ með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um athugun á fyrirhugaðri samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Société de participations du Commissariat à l'Énergie Atomique SA (AREVA) öðlast með hlutafjárkaupum að hluta yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir breska fyrirtækinu Enrichment Technology Company Limited (ETC), sem breska fyrirtækið Urenco Limited (URENCO) hafði áður full yfirráð yfir.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AREVA: allir þættir kjarnorkuvinnslu, hönnun og framleiðsla tengla, raforkuflutningur og raforkudreifing
 - URENCO: þjónusta á sviði úranauðgunar og búnaður til úranauðgunar
 - ETC: rannsóknir og þróun ásamt hönnun og framleiðslu á skilvindubúnaði og -kerfum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að hin sameiginlega beiðni samkvæmt 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 sé tæk, enda fullnægir hún skilyrðunum sem mælt er fyrir um í greininni. Beiðnin varð fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar hinn 14. maí 2004 þegar fullnægjandi upplýsingar höfðu borist.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 141, 25. maí 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3099 – AREVA/URENCO/ETC JV, má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Skrá um skjöl sem birst hafa á vegum framkvæmdastjórnarinnar (*)**2004/EES/27/04**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirtalin skjöl:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/284/EB frá 29. september 1999 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál IV/M.1383 – Exxon/Mobil) (sjá Stjtið. ESB L 103, 7.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/269/EB frá 18. janúar 2000 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.1630 – Air Liquide/BOC) (sjá Stjtið. ESB L 92, 30.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/310/EB frá 26. júlí 2000 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.1806 – AstraZeneca/Novartis) – reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (sjá Stjtið. ESB L 110, 16.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/195/EB frá 29. september 2000 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.1879 – Boeing/Hughes) (sjá Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/123/EB frá 12. janúar 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2060 – Bosch/Rexroth) (sjá Stjtið. ESB L 42, 13.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/254/EB frá 24. janúar 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2033 – Metso/Svedala) (sjá Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/236/EB frá 13. mars 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.1915 – The Post Office/TPG/SPPL) (sjá Stjtið. ESB L 82, 19.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/134/EB frá 3. júlí 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist ekki sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2220 – General Electric/Honeywell) (sjá Stjtið. ESB L 48, 18.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/135/EB frá 26. september 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2434 – Grupo Villar Mir/EnBW/Hidroeléctrica del Cantábrico) (sjá Stjtið. ESB L 48, 18.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/275/EB frá 10. október 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist ekki sameiginlega markaðnum – reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (mál COMP/M.2283 – Schneider/Legrand) (sjá Stjtið. ESB L 101, 6.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/237/EB frá 17. október 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist ekki sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2187 – CVC/Lenzing) (sjá Stjtið. ESB L 82, 19.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/124/EB frá 30. október 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist ekki sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M. 2416 – Tetra Laval/Sidel) (sjá Stjtið. ESB L 42, 13.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/270/EB frá 30. október 2001 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2420 – Mitsui/CVRD/Caemi) (sjá Stjtið. ESB L 92, 30.3.2004)

(*) Íslensk þýðing þessara heita er aðeins til bráðabirgða.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/337/EB frá 20. desember 2001 sem varðar málsmeðferð samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (mál COMP/E-1/36.212 – Carbonless paper) (sjá Stjtið. ESB L 115, 14.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/103/EB frá 30. janúar 2002 um ráðstafanir í því skyni að koma aftur á virkri samkeppni í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (mál COMP/M. 2416 – Tetra Laval/Sidel) (sjá Stjtið. ESB L 38, 10.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/276/EB frá 30. janúar 2002 um að fyrirtæki skuli aðskilin sem er tekin í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (mál COMP/M.2283 – Schneider/Legrand) (sjá Stjtið. ESB L 101, 6.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/304/EB frá 17. apríl 2002 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2547 – Bayer/Aventis Crop Science) (sjá Stjtið. ESB L 107, 15.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/285/EB frá 19. júní 2002 samkvæmt 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um að sekta fyrirtæki fyrir að leggja fram rangar og villandi upplýsingar í tilkynningu er varðar eftirlit með samruna (mál COMP/M.2624 – BP/Erdölchemie) (sjá Stjtið. ESB L 91, 30.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/251/EB frá 24. júlí 2002 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2698 – Promatech/Sulzer) (sjá Stjtið. ESB L 79, 17.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 27. nóvember 2002 sem varðar málsmeðferð samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (mál COMP/E-2/37.978/Methylglucamine) (sjá Stjtið. ESB L 38, 10.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/165/EB frá 27. nóvember 2002 um aðstoðaráætlun þýskra stjórnvalda með heitinu „Áætlun um sameiningu fyrirtækja í Thüringen“ (sjá Stjtið. ESB L 61, 27.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/206/EB frá 17. desember 2002 sem varðar málsmeðferð samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (mál COMP/C.37.671 – Flood flavour enhancers) (sjá Stjtið. ESB L 77, 12.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/311/EB frá 2. apríl 2003 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2876 – Newscorp/Telepiù) (sjá Stjtið. ESB L 110, 16.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/260/EB frá 30. apríl 2003 um aðstoðaráætlun sem ítölsk stjórnvöld hyggjast hleypa af stokkunum í því skyni að draga úr losun gróðurhúsagass – Toscanahérað (sjá Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. maí 2003 um aðstoðaráætlun franskra stjórnvalda í þágu höfuðstöðva og flutningamiðstöðva (sjá Stjtið. ESB L 23, 28.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/300/EB frá 27. maí 2003 um ríkisaðstoð spænskra stjórnvalda í þágu Minas de Rio Tinto SA (sjá Stjtið. ESB L 98, 2.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/105/EB frá 11. júní 2003 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.3506 – Celanese/Degussa/JV (European Oxo-Chemicals)) (sjá Stjtið. ESB L 38, 10.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/244/EB frá 11. júní 2003 um ríkisaðstoð spænskra stjórnvalda í þágu Volkswagen Navarra SA (sjá Stjtið. ESB L 77, 13.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/271/EB frá 11. júní 2003 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2947 – Verbund/EnergieAllianz) (sjá Stjtið. ESB L 92, 30.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/77/EB frá 24. júní 2003 um aðstoðaráætlun belgískra stjórnvalda í mynd skattareglna fyrir bandarísk sölufyrirtæki (United States Foreign Sales Corporations) (sjá Stjtið. ESB L 23, 28.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/125/EB frá 24. júní 2003 um aðstoðaráætlun með heitinu „Sameiginlegar leiðbeiningar um nýtingu sjóða til að ýta undir efnahagsþróun í Sambandsríkinu Berlín“ sem þýsk stjórnvöld hyggjast hleypa af stokkunum (sjá Stjtið. ESB L 42, 13.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/166/EB frá 9. júlí 2003 um aðstoð sem frönsk stjórnvöld hyggjast veita vegna endurskipulagningar í Société Nationale Maritime Corse-Méditerranée (SNCM) (sjá Stjtið. ESB L 61, 27.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/261/EB frá 9. júlí 2003 um ríkisaðstoð C 11/2002 (áður N 382/2001) sem ítölsk stjórnvöld hyggjast veita vegna tiltekinnna þungaflutningabifreiða til vöruflutninga á vegum í því skyni að beina þungaflutningum af þjóðvegi 33 frá Maggiore-vatni að hraðbraut A26 (sjá Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/207/EB frá 16. júlí 2003 sem varðar málsmeðferð samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (mál COMP/38.369: T-Mobile Deutschland/O2 Germany: Network Sharing Rahmenvertrag) (sjá Stjtið. ESB L 77, 12.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/238/EB frá 23. júlí 2003 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.2972 – DSM/Roche Vitamins) (sjá Stjtið. ESB L 82, 19.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/286/EB frá 23. júlí 2003 um aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði flugs sem spænsk stjórnvöld hyggjast veita Gamesa (sjá Stjtið. ESB L 91, 30.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/313/EB frá 23. júlí 2003 um ríkisaðstoð þýskra stjórnvalda í þágu Graphischer Maschinenbau GmbH (Berlin) (sjá Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/322/EB frá 2. september 2003 um að tiltekin samfylking samrýmist sameiginlega markaðnum og EES-samningnum (mál COMP/M.3083 – GE/Instrumentarium) (sjá Stjtið. ESB L 109, 16.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. september 2003 um grundvallarkröfur í tengslum við fjarskiptabúnað sem notaður er á skipum sem falla ekki undir SOLAS-samninginn og ætlaður er til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) (sjá Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/167/EB frá 17. september 2003 um ríkisaðstoð þýskra stjórnvalda í þágu Space Park Development GmbH & Co., KG (sjá Stjtið. ESB L 61, 27.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/314/EB frá 17. september 2003 um ríkisaðstoð sem ítölsk stjórnvöld hyggjast veita Aquafil Technopolymers SpA (sjá Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/168/EB frá 15. október 2003 um aðstoð sem portúgölsk stjórnvöld hyggjast veita Vila Galé – Cintra Internacional, Investimentos Turísticos, SA (sjá Stjtið. ESB L 61, 27.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/208/EB frá 16. október 2003 sem varðar málsmeðferð samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (mál COMP D3/35470 – ARA og COMP D3/35473 – ARGEV, ARO) (sjá Stjtið. ESB L 77, 12.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/170/EB frá 21. október 2003 um aðstoð til rannsókna og þróunar á iðnaðarsvæðinu Zamudio (Baskalandi) sem spænsk stjórnvöld hyggjast veita fyrirtækinu „Industria de Turbo Propulsores, SA“ (ITP) (sjá Stjtið. ESB L 61, 27.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/139/EB frá 23. október 2003 sem varðar málsmeðferð samkvæmt 81. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins (mál COMP/C/38.170 – REIMS II, endurtilkynnt samfylking) (sjá Stjtið. ESB L 56, 24.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/114/EB frá 29. október 2003 um ráðstafanir í þágu sjálfseignarstofnana sem reka smábátahafnir í Hollandi (sjá Stjtið. ESB L 34, 6.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 192 frá 29. október 2003 um skilyrði fyrir framkvæmd b-liðar 1. mgr. 50. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72

Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 193 frá 29. október 2003 um meðferð lífeyriskrafna (sjá Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004)

Tilmæli framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 23 frá 29. október 2003 um meðferð lífeyriskrafna (sjá Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/339/EB frá 15. október 2003 um ráðstafanir ítalskra stjórnvalda í þágu RAI SpA (sjá Stjtið. ESB L 119, 23.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/340/EB frá 5. nóvember 2003 um aðstoð í þágu fyrirtækisins González y Díez S.A. til að mæta óvenjulegum útgjöldum (aðstoð vegna ársins 2001 og óheimil notkun aðstoðar vegna árána 1998 og 2000), og um breytingu á ákvörðun nr. 2002/827/KSE (sjá Stjtið. ESB L 119, 23.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/317/EB frá 11. nóvember 2003 um ríkisaðstoð sem bresk stjórnvöld hyggjast veita í samræmi við umhverfisstyrkjakerfi og kaupleiguábyrgðasjóð WRAP-áætlunarinnar (WRAP Environmental Grant Funding og WRAP Lease Guarantee Fund) (sjá Stjtið. ESB L 102, 7.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/169/EB frá 26. nóvember 2003 um aðstoð sem ítölsk stjórnvöld hyggjast veita Industria Farmaceutica Cesare Serono SpA vegna þróunar nýrra framleiðsluáðferða fyrir iðefni í munnlyf sem innihalda fjölpeptíð og samverkandi efni (sjá Stjtið. ESB L 61, 27.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB frá 5. desember 2003 um fjárframlag frá bandalagsinu til ráðstefnunnar „OIE Global Conference“ um velferð dýra árið 2004 (sjá Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/115/EB frá 10. desember 2003 um aðstoðaráætlun fyrir fjárfestingarsjóðinn „Thüringer Industriebeteiligungs fonds“ (sjá Stjtið. ESB L 34, 6.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/343/EB frá 16. desember 2003 um aðstoðaráætlun franskra stjórnvalda vegna yfirtöku fyrirtækja sem standa höllum fæti (sjá Stjtið. ESB L 108, 16.4.2004)

Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 194 frá 17. desember 2003 um samræmda beitingu undirliðar i) í a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 í aðildarríkinu sem dvalist er í (sjá Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004)

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/155/EB frá 18. desember 2003 um að beita sveigjanleikakerfinu til endurhæfingar og enduruppbyggingar í Írak í samræmi við 24. lið samstarfssamnings milli stofnana frá 6. maí 1999 (sjá Stjtið. ESB L 54, 23.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/90/EB frá 23. desember 2003 um tæknilegar forskriftir fyrir framkvæmd 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB um að vernda fótgangendur og aðra óvarða vegfarendur gegn árekstri og í árekstri við vélknúð ökutæki og um breytingu á tilskipun 70/156/EBE (sjá Stjtið. ESB L 31, 4.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/277/EB, KBE frá 29. desember 2003 um reglur um framkvæmd ákvörðunar ráðsins 2001/792/EB, KBE um að koma á bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna (sjá Stjtið. ESB L 87, 25.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/70/EB frá 6. janúar 2004 um 16. breytingu á ákvörðun 2000/284/EB um skrá um viðurkenndar söfnunarstöðvar fyrir sæði vegna innflutnings sæðis úr dýrum af hestaætt frá löndum utan bandalagsins (sjá Stjtið. ESB L 15, 22.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. janúar 2004 um breytingu á ákvörðun ráðsins 79/542/EBE um skrá um lönd utan bandalagsins sem aðildarríkin heimila innflutning frá á nautgripum, svínum, dýrum af hestaætt, sauðfé og geitum, nýju kjöti og kjötafurðum, einkum í því skyni að bæta við sumum nýju aðildarríkjana (sjá Stjtið. ESB L 17, 24.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/83/EB frá 6. janúar 2004 um breytingu á ákvörðun 98/371/EB að því er varðar innflutning á nýju kjöti frá sumum nýju aðildarríkjana (sjá Stjtið. ESB L 17, 24.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/101/EB frá 6. janúar 2004 um breytingu á viðauka D við tilskipun 88/407/EBE að því er varðar heilbrigðisvottorð vegna verslunar með sæði húsdýra af nautgripaætt milli aðildarríkjana (sjá Stjtið. ESB L 30, 4.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/211/EB frá 6. janúar 2004 um skrá um lönd utan bandalagsins og einstaka hluta af yfirráðasvæði þeirra sem aðildarríkin heimila frá innflutning á dýrum af hestaætt og sæði, eggjum og fósturvísnum þeirra, og um breytingu á ákvörðunum 93/195/EBE og 94/63/EB (sjá Stjtið. ESB L 73, 11.3.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/212/EB frá 6. janúar 2004 um heilbrigðisskilyrði bandalagsins vegna innflutnings á dýrum og nýju kjöti, einnig hökkuðu, frá löndum utan bandalagsins og um breytingu á ákvörðunum 79/542/EBE, 2000/572/EB og 2000/585/EB (sjá Stjtið. ESB L 73, 11.3.2004)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/2/EB frá 9. janúar 2004 um breytingu á tilskipunum ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa af fenamífosí (sjá Stjtið. ESB L 14, 21.1.2004)

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/74/EB frá 9. janúar 2004 um samhæfða eftirlitsáætlun á vegum bandalagsins fyrir árið 2004 í því skyni að tryggja að virt séu hámarksgildi fyrir leifar af varnarefnum í og á korni og tilteknum öðrum vörum úr jurtaríkinu (sjá Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/4/EB frá 15. janúar 2004 um breytingu á tilskipun 96/3/EB um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/43/EBE um hollustuhætti í matvælaíðnaði vegna flutninga á fljótandi olíum og fitu í lausri vigt á sjó (sjá Stjtið. ESB L 15, 22.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB frá 15. janúar 2004 um beiðni frá þýskum stjórnvöldum um beitingu þeirrar sérstöku málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 93/38/EBE (sjá Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/82/EB frá 15. janúar 2004 um breytingu á ákvörðun 2002/199/EB um dýraheilbrigðisskilyrði og dýraheilbrigðisvottun vegna innflutnings nautgripa og svína á fæti frá tilteknum löndum utan bandalagsins (sjá Stjtið. ESB L 17, 24.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/117/EB frá 19. janúar 2004 um breytingu á ákvörðunum 92/260/EBE, 93/197/EBE og 97/10/EB að því er varðar tímabundinn og varanlegan innflutning til Evrópusambandsins á skráðum hestum frá Suður-Afríku (sjá Stjtið. ESB L 36, 7.2.2004)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/6/EB frá 20. janúar 2004 um undanþágu frá tilskipun 2001/15/EB þess efnis að fresta gildistöku banss við verslun með tilteknar vörur (sjá Stjtið. ESB L 15, 22.1.2004)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/5/EB frá 20. janúar 2004 um breytingu á tilskipun 2001/15/EB í því skyni að bæta tilteknum efnum í viðaukann (sjá Stjtið. ESB L 14, 21.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/92/EB frá 21. janúar 2004 um neyðarráðstafanir vegna rauðpipars (chilipipars) og vörutegunda sem innihalda hann (sjá Stjtið. ESB L 27, 30.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/84/EB frá 23. janúar 2004 um varnarráðstafanir vegna fuglainflúensu í Taílandi (sjá Stjtið. ESB L 17, 24.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/88/EB frá 23. janúar 2004 um breytingu á ákvörðun 2002/907/EB um tímabundna viðurkenningu á eftirlitskerfi fyrir nautgripabú sem komið hefur verið upp í Frakklandi samkvæmt tilskipun ráðsins 64/432/EBE (sjá Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/128/EB frá 23. janúar 2004 um fjárhagsaðstoð frá bandalaginu vegna geymslu mótefnavaka til framleiðslu bóluæfnis gegn gin- og klaufaveiki í Frakklandi, á Ítalíu og í Bretlandi árið 2004 (sjá Stjtið. ESB L 37, 10.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/102/EB frá 26. janúar 2004 um viðurkenningu á viðbúnaðaráætlunum til að hafa stjórn á fuglainflúensu og Newcastle-veiki (sjá Stjtið. ESB L 30, 4.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/108/EB frá 28. janúar 2004 um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE (sjá Stjtið. ESB L 32, 5.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/109/EB frá 29. janúar 2004 um breytingu á ákvörðun 95/328/EB um útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir fiskafurðir frá þriðju löndum sem ekki hefur enn verið fjallað um í sérákvörðun (sjá Stjtið. ESB L 32, 5.2.2004)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/13/EB frá 29. janúar 2004 um breytingu á tilskipun 2002/16/EB um notkun tiltekinna epoxýafleiða í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (sjá Stjtið. ESB L 27, 30.1.2004)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/14/EB frá 29. janúar 2004 um breytingu á tilskipun 93/10/EBE um efni og hluti úr filmum úr endurmynduðum sellulósa sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli (sjá Stjtið. ESB L 27, 30.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/93/EB frá 29. janúar 2004 um varnarráðstafanir vegna fuglainflúensu í tilteknum Asíulöndum í tengslum við innflutning á fuglum, öðrum en alifuglum (sjá Stjtið. ESB L 27, 30.1.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/98/EB frá 29. janúar 2004 um niðurfellingu á ákvörðun 96/293/EB um tilteknar varnarráðstafanir vegna sjávarafurða frá Míritaníu (sjá Stjtið. ESB L 29, 3.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/118/EB frá 28. janúar 2004 um breytingu á ákvörðunum 95/233/EB, 96/482/EB og 2001/751/EB, sem lúta að innflutningi alifugla á fæti og útungunareggja úr þeim og strútfugla á fæti og útungunareggja úr þeim, ákvörðunum 94/85/EB, 94/984/EB og 2000/609/EB, sem lúta að innflutningi á nýju alifuglakjöti, nýju alistrútfuglakjöti, kjöti af villtum og öldum villifuglum, ákvörðun 2000/585/EB sem lýtur að innflutningi á villibráð af villtum og öldum dýrum og kjöti af villtum og öldum kaninum, og ákvörðun 97/222/EB sem lýtur að innflutningi á kjötvörum, að því er varðar sum nýju aðildarríkjanna (sjá Stjtið. ESB L 36, 7.2.2004)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/119/EB frá 29. janúar 2004 um breytingu á ákvörðun 96/333/EB um útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir lifandi samlokur (tvískelja lindýr), skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá þriðju löndum sem ekki er fjallað um í sérákvörðun (sjá Stjtið. ESB L 36, 7.2.2004)

